

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr varphænum í uppeldi og varpi, ef þær eru haldnar í lausagönguhúsi.

Svona skalt þú taka sýni:

Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Uppeldi	Dagsgamlir ungar	Uppeldishús	- Kassaklæðing - eða tausýni = 1 safnsýni per hóp.	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	- Skóhlífasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
Fullorðnar Varphænur	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- Skóhlífasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

Sokkasýni (skóhlífasýni)

Þú notar rakadrægt efni, t.d. grisjuhólka, sem þú klippir í u.þ.b. 50cm langa búta.

Þú vættir sokkana fyrir sýnatöku með hreinu vatni (sama vatn og drykkjarvatnið fyrir fuglana).

(Ath: Ekki er leyfilegt að nota vökva með sótthreinsandi eða sýkladrepandi efnum.

Ekki má nota sótthreinsandi efni á skóna. Ef fótabað með sótthreinsandi efni eru notuð skalt þú nota einnota skóhlífa undir sýnatökubúnaðinum.)

Sokkarið er sett yfir skófatnaðinn sem tilheyrir eldshúsinu. Þú festir sokkinn með því að rífa grisjuna og hnýta saman.



Svo gengur þú um hálfan eldissalinn þannig að sýni fæst úr mismunandi svæðum (svo sem þurr og blaut svæði). Skóhlífarið tekur þú varlega af skófatnaðinum (svo ekki hrynji af sokkunum) og setur það gætilega

í nýjan hreinan plastpoka. Sýnatakan er endurtekin í hinum helmingi hússins með öðru sokkari, og bæði sokkaporin setur þú í sama poka.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskini.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar fyrir sokkasýni
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 1168/2006, innleidd með reglugerð nr. 1012/2011, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011